



Morgunblaðið/Kristinn

Alþingi Alþingismenn á þingfundi.

## Ólík afstaða til neysluviðmiða

Samtök atvinnulífsins leggja gegn þingsályktunartillögu um að félags- og húsnæðismálaráðherra hefji vinnu við útreikning nýrra neysluviðmiða fyrir íslensk heimili. Segja samtökin að neysluviðmið séu hvorki endanlegur mælikvarði á hvað teljist nægjanleg neysla einstakra heimila né dómur um hvað einstakar fjölskyldur þurfa sér til framfæris.

Hagsmunasamtök heimilanna styðja tillöguna hins vegar heilsuhugar. Þá telja Jafnréttisstofa og Barnaverndarstofa jákvætt að Alþingi samþykki slíka tillögu. Segir Barnaverndarstofa að ýmsir fastir útgjaldaliðir heimila hafi hækkað mikið undanfarin ár. Jafnréttisstofa bendir á nauðsyn þess að taka tillit til kynsajónarmiða varðandi útreikninginn eftir því sem við eigi.

Þetta kemur fram í umsögn um þingsályktunartillöguna, sem Elsa Lára Arnardóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, lagði fram á Alþingi ásamt fleiri þingmönnum. Í greinargerð með tillögunni segir að það sé morgunljóst að ýmsir fastir útgjaldaliðir hafi hækkað mikið undanfarin ár og hafi það haft áhrif á íslensk heimili. Því sé afar brýnt að vinna við útreikning nýrra neysluviðmiða fari fram.

# Sumir í verkfalli, aðrir semja

● Félag tónlistarskólakennara enn í verkfalli ● Ekkert samstarf milli tveggja félaga tónlistarkennara ● Sveitarfélögin vilja gera breytingar á samningum

### SVIÐSLJÓÐ

Anna Lilja Þórisdóttir  
annalilja@mbl.is

Lítið miðar í kjaradeilu Félags tónlistarskólakennara, FT og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Fundi deila aðila lauk á sjöunda tímanum í gærkvöldi og sagði Sigrún Grendal Jóhannsdóttir, formaður FT, að honum loknum að mikið bæri á milli. Nýr fundur hefur verið boðaður kl. 14 í dag.

FT er aðili að Kennarasambandi Íslands og fer fram á sambærileg kjör og félagsmenn annarra félaga sambandsins hafa. Formaður samninganefndar sveitarfélaganna segir slík kjör ekki í boði nema FT sé tilbúin í breytingar á samningum og vinnuumhverfi.

Tónlistarkennarar í Félagi íslenskra hljólmistarmanna, FÍH, greiða þessa dagana atkvæði um samning sem skrifað var undir á miðvikudaginn. Félagar í þessum tveimur stéttarfélagum sinna sambærilegum störfum. Félagin tvö voru áður í samstarfi um kjarasamninga en koma nú að samningaborðinu hvort í sínu lagi.

#### Segir að breytinga sé þörf

Inga Rún Ólafsdóttir, formaður samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga, segir þessi tvö félög hingað til hafa verið á sama kjarasamningi gagnvart sveitarfélögunum. „Við semjum við þessi félög um sömu störf, en áherslur þeirra gagnvart okkur eru ólíkar.“ Inga Rún segir sveitarfélögin ekki tilbúin til að ganga að kröfum FT um sambærileg laun og annarra hópa innan KÍ án þess að verulegar breytingar verði gerðar á kjarasamningum og vinnuumhverfi. „Grunnskólakennarar náðu fram viðamiklum breytingum á sínum samningum eftir mikla vinnu og einföldun á samningnum,“ segir Inga Rún. „Á grundvelli þeirra breytinga sköpuðum við tækifæri til hagræðingar, sem gerði okkur kleift að hækka laun þeirra. Við erum tilbúin í slíka vinnu með Félagi tónlistarskólakenn-



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Hjá ríkissáttasemjara Sigrún Grendal og félagar í FT fylktu liði í Karp-húsið fyrr í mánuðinum og hugðust afhenda þar ályktun.

### REYNT AÐ HAFNA ÁHRIF Á ATKVÆÐAGREIÐSLU

## FT-félagar fengu bréf

Á föstudaginn birtist bréf á vefsíðu FÍH, skrifað af nafngreindum félagi í FT. Bréfið hafði þennan sama dag verið sent á netfangalista FT og félagsmenn hvattir til að „sannfæra vini okkar og kollega hjá FÍH um að samþykka ekki þennan samning“. Er þar átt við kjarasamning sem félagsmenn FÍH greiða atkvæði um þessa dagana.

Bréfið er birt á vefsíðu FÍH undir fyrirsögninni „Síðlaus hegðun“ og þar segir líka að bréfið sé „hugsanlega“ sent af forystu Félags tónlistarskólakennara og það bendi til þess að umræðan sé í slæmum

farvegi. Spurd hvort umrætt bréf hafi verið sent á vegum stjórnar FT segir Sigrún, formaður félagsins, svo ekki vera. „Við vorum sökuð um að standa á bak leyti en myndum aldrei skipta okkur af störfum annarra stéttarfélaga. Mér sýnist þetta vera skoðun þessa tiltekna aðila, það er reyndar umhugsunarefni að það hafi verið sett á opna vefsíðu.“

Freyja segir FÍH lítið vilja tjá sig um málið að öðru leyti en því að félagið sé ósátt við að reynt hafi verið að hafa áhrif á afstöðu félagsmanna til samningsins.

ara en höfum ekki fengið mikinn hljómgrunn.“

„Við erum í sama stéttarfélaginu með sömu kjarastefnun. Erum við heppilegt bitbein í einhverri stjórn-málafléttu?“ spyr Sigrún, formaður FT, og á þar við að þau 5% félagsmanna KÍ, sem eru í Félagi tónlistarskólakennara, eru með lægri laun en aðrir félagsmenn. „Samkomulag ríkis og sveitarfélaga um eflingu tónlistarnáms rennur út núna um áramótin og

við vitum ekki til þess að menn séu að ræða saman um framhaldið,“ segir Sigrún. „Er verkfallið okkar kannski kærkomin búbot fyrir sveitarfélögin í lok fjárhagsárs?“

Hún segist hafa orðið fyrir vonbrigðum með gang vandræðna. Þær hafi hafist í byrjun desember í fyrra en ekki hafi komið fram neinar haldþættar hugmyndir samninganefndar sveitarfélaganna fyrir en eftir að ákveðið hafði verið að greiða atkvæði um boðun

verkfalls. „Ég átta mig ekki á því hvaða skilaboð er verið að senda. Það er a.m.k. búið að gera okkur fyllilega ljóst að við höfum ekki sama slagkraft og t.d. leikskólakennarar eða flugmenn. Hingað til hafa þetta ekki verið eiginlegar samningaviðræður.“

Félag tónlistarskólakennara hefur borið saman laun félagsmanna og umsjónarkennara í grunnskóla og munar þar talsverðu á. Samkvæmt upplýsingum frá FT verða laun 45 ára tónlistarkennara 378.169 krónur í byrjun næsta árs, en laun umsjónarkennara á sama aldri 439.447. Sigrún segir raunhæft að bera þessi tvö störf saman. „Bæði krefjast mikilla samskipta við foreldra, utanumhalds og einstaklingsmiðaðs náms.“

#### Slitnaði upp úr samstarfi

FÍH er aðildarfélag BHM og segir Freyja Gunnlaugsdóttir, formaður samninganefndar FÍH, nýja samninginn góðan og að hann taki mið af samningum annarra félaga innan BHM. Hann gildir fram á næsta sumar og Freyja segir að tekist hafi að ná þeim skammtímamarkmiðum sem sett voru. „Þetta eru hreinar launa-hækkanir, engar breytingar í starfs- umhverfi né auknið vinnuframlag,“ segir Freyja. Alls nemur hækkin 7,5%, þar af eru 3,2% afturvirk til 1. mars og 4,3% koma til hækkanar 1. nóvember. „Þetta er stuttur og einfaldur samningur. Í honum felst aðgerðaáætlun þar sem farið verður yfir ýmis atriði sem ræða þarf og endurskoða í samráði við sveitarfélögin.“

Spurd hvers vegna slitnaði hafi upp úr samfloti félaganna tveggja í samningagerð segir Freyja það hafa verið að frumkvæði FT. „Parna er fólk í sambærilegum störfum á sömu stöðum. Við náum meiri árangri sameinuð.“

Sigrún segir ástæðu þess að félögin ganga til samninga hvort í sínu lagi fyrst og fremst vera mismunandi áherslur í starfsemi félaganna. „Okkar starfsemi beinist öll að faglegu starfi tónlistarskólanna og menntamálu sem hluti af KÍ. En ég efast ekki um að samstarfið eigi eftir að vera meira í framtíðinni.“

## Krafðir um milljarð persónulega

● Fv. stjórnendur Byrs krafðir um bætun af Íslandsbanka

Kjartan Kjartansson  
kjartan@mbl.is

Íslandsbanki hefur krafði þá Ragnar Z. Guðjónsson, fv. sparisjóðsstjóra Byrs, og Jón Þorstein Jónsson, fv. stjórnarformann sparisjóðsins, um milljarð króna í skaðabætur vegna tjóns sem bankinn telur sig hafa orðið fyrir af lánveitingu Byrs til félagsins Exeter Holdings árið 2008. Krafan var tekin fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur í síðustu viku.

Þeir Ragnar og Jón Þorsteinn voru dæmdir í fjögurra og hálfis árs fangelsi vegna umboðssvika í tengslum við lánveitinguna árið 2012. Lánið var veitt til kaupa á stofnfjárbrefum í eigu Jóns Þorsteins og nokkurra starfsmanna sparisjóðsins og félags sem að hluta var í eigu Ragnar. Upphæð þess var 1,1 milljarður króna.

Byr varð gjaldþrota árið 2010 en Íslandsbanki tók yfir starfsemi sparisjóðsins ári síðar.

„Í grundvallaratriðum hefur ekki verið sýnt fram á það að Íslandsbanki hafi orðið fyrir einhverju tjóni enda er þessi atburður sem á að hafa



Morgunblaðið/Eggert

Byr Tvímenningsarnir voru dæmdir fyrir umboðssvik vegna lánsins.

leitt til skaðabótaskyldu bankanum óviðkomandi,“ segir Hróbjartur Jónatansson, verjandi Jóns Þorsteins.

Þá segir hann að hið meinta tjón hafi verið algerlega ofmetið í rannsókn málsins. Af einhverjum ástæðum hafi ekki verið litið til markaðsvirðis stofnbrefanna í Byr þegar lánið var veitt. Þau bréf hafi haft verðgildi 2008. Sparisjóðurinn hafi ekki farið í þrot fyrir en átján mánuðum síðar.

„Hefði verið ráðist í að ráðstafa þessum bréfum strax og tilefni var til, þá má ætla að tjónið hefði orðið miklu minna en sem nam andvirði lánsins,“ segir hann.

**TRYGG** SNJÓKEÐJUR  
Nøstet Kjetting as

## Vertu viðbúinn vetrinum

### Mest seldu snjókeðjur á Íslandi

LÉTTAR – STERKAR – TRAUSTAR

Ísnet Húsavík s. 5 200 555  
Ísnet Akureyri s. 5 200 550  
Kristbjörg Ólafsfjörður s. 5 200 565  
Ísnet Sauðárkrúkur s. 5 200 560

Hafðu samband og kynntu þér vöruúrvalið og þjónustuna

**ÍSFELL**  
www.isfell.is

Ísfell ehf • Öseyrarbraut 28 • 220 Hafnarfjörður • Sími 5 200 500 • isfell@isfell.is